

## Ágæti sjóðfélagi

Með bréf þessu viljum við kynna þér starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna á fyrstu sex mánuðum ársins. Eignir sjóðsins til greiðslu lífeyris námu 290 milljörðum í lok júní sl. samanborið við 283 milljarða í upphaf árs. Á fyrri árshelmingi 2010 lækkuðu erlendir hlutabréfamarkaðir jafnframt því að íslenska krónan styrktist gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Það leiddi til lækkunar á erlenda eignasafni sjóðsins, en innlenda eignasafn sjóðsins gaf jákvæða ávöxtun á tímabilinu. Ávöxtun á fyrri árshelmingi er 1,2% sem samsvarar -1,3% raunávöxtun að teknu tilliti til verðbólgu. Nafnávöxtun innlánsleiðar á fyrri helmingi ársins í séreignardeild var 4,4% sem samsvarar 1,8% raunávöxtun á tímabilinu.

## Meginþættir úr starfsemi á fyrri árshelmingi 2010

**Greiðandi sjóðfélögum** fjölgaði um 1,2% á fyrstu 6 mánuðum ársins miðað við sama tímabil á fyrra ári og greiddu rúmlega 32.000 sjóðfélagar að meðaltali iðgjald til sjóðsins.

**Iðgjaldagreiðslur** námu 7,5 milljörðum á fyrstu 6 mánuðum ársins og eru breytingar óverulegar á milli ára.

**Lífeyrisgreiðslur** á fyrri árshelmingi námu 3,3 milljörðum til 9.710 lífeyrisþega og hefur lífeyrisþegum fjölgað um 7,6% og heildarfjárhæð lífeyris hækkað um 14,6% miðað við sama tímabil á fyrra ári. Útgreiddur lífeyrir skiptist með eftirfarandi hætti: Ævilangur lífeyrir 64%, örorkulífeyrir 26%, makalífeyrir 8% og barnalífeyrir 2%.

**Séreign:** Iðgjöld námu 230 milljónum á fyrstu 6 mánuðum ársins og útgreiðslur voru 256 milljónir. Meðtalið í útgreiðslum eru greiðslur vegna tímabundinnar heimildar til úttektar séreignarsparnaðar.

**Lánveitingar til sjóðfélaga** námu 0,6 milljörðum samanborið við 1,3 milljarða á sama tímabili 2009.

**Fjárfestingar** námu 18,7 milljörðum á fyrri árshelmingi. Þar af námu fjárfestingar í skuldabréfum 16,1 milljarði, í erlendum verðbréfum 1,9 milljörðum og í innlendum hlutabréfum 0,7 milljörðum. Sala erlendra verðbréfa nam 3,2 milljörðum.

**Nafnávöxtun** á fyrri árshelmingi var 1,2% og veldur þar mestu neikvæð afkoma erlendra verðbréfaeignar sjóðsins eins og að framan greinir. Nafnávöxtun innlendra skuldabréfa- og hlutabréfaeignar sjóðsins og bankainnstæður skiluðu jákvæðri ávöxtun.

**Eignasafn sjóðsins** í lok júní sl. skiptist þannig að innlend skuldabréf námu 53% eigna, erlend verðbréf 32%, innlend hlutabréf 2% og bankainnstæður 13%.

## ÁRSFUNDUR 2010

Ársfundurinn var haldinn 17. maí sl. á Grand Hótel Reykjavík. Á fundinum flutti Helgi Magnússon formaður sjóðsins skýrslu stjórnar um starfsemi á liðnu ári og Ragnar Öundurson varaformaður greindi frá stefnumótunarvinnu stjórnar og starfsmanna sjóðsins. Þá gerði framkvæmdastjóri grein fyrir ársreikningi fyrir árið 2009, tryggingafræðilegri athugun miðað við árslok 2009 og fjárfestingarstefnu fyrir árið 2010.

Þá var greint frá því að eftirtaldir hafi verið tilnefndir í stjórn af aðildarsamtökum sjóðsins fyrir kjörtímabilið 1. mars 2010 til 28. febrúar 2013: Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Ragnar Öundurson og Stefánía Magnúsdóttir öll kjörin af VR, Benedikt Kristjánsson tilnefndur af Kaupmannasamtökum Íslands, Bogi Þ. Siguroddsson tilnefndur af Félagi atvinnurekenda, Hannes G. Sigurðsson tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins að fengnu álitni Viðskiptaráðs Íslands og Helgi Magnússon tilnefndur af Samtökum iðnaðarins að fengnu álitni Samtaka atvinnulífsins.

Stjórnin skipti með sér verkum og var Helgi Magnússon kjörinn formaður og Ragnar Öundurson varaformaður.

Nálgast má fundargerð ársfundar og ársskýrslu á heimasíðu sjóðsins, [www.live.is](http://www.live.is).

## SJÓÐFÉLAGAVEFUR

Í júní síðastliðnum var opnaður nýr vefur sjóðsins. Sjóðfélagar hafa beinan aðgang að upplýsingum um lífeyrisréttindi sín, séreignarsparnað, greidd iðgjöld og stöðu lána á sjóðfélagavef á heimasíðu sjóðsins [www.live.is](http://www.live.is)

Efst á sjóðfélagayfirlitinu er **notandanafn og lykilorð** sem þú getur notað til að tengjast sjóðfélagavefnum og kynnt þér réttindi þín. Hafir þú breytt lykilorði þínu kemur það af öryggisástæðum ekki fram á yfirlitinu. Sé lykilorðið gleymt er hægt að fá sent nýtt lykilorð í netbanka.

## VILTU VERA UPPLÝSTUR SJÓÐFÉLAGI?

Með nýjum vef sjóðsins býðst sjóðfélögum að skrá sig á póstlista LV. Ef þú skráir þig á póstlista sjóðsins færðu nýjustu fréttir og fræðsluefni sjóðsins sent í tölvupósti.

Í framhaldi af stefnumótunarvinnu, var ákveðið að auka upplýsingaflæði og fræðslu til sjóðfélaga. Stór liður í þessu er að gera sjóðfélögum kleift að nálgast upplýsingar, fréttir og fróðleik á auðveldan hátt á heimasíðu sjóðsins og með því að skrá sig í áskrift á póstlista sjóðsins á [www.live.is](http://www.live.is)

Áskrifendur póstlistans fá upplýsingar um helstu nýmæli í starfsemi sjóðsins, auk þess að fræðast um réttindi sjóðfélaga LV.

*Með kveðju,  
Guðmundur Þ. Þórhallsson,  
framkvæmdastjóri*